

BORGARSTJÓRN

Ár 2018, þriðjudaginn 4. desember, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:07. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Líf Magneudóttir, Pawel Bartoszek, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Alexandra Briem, Guðrún Ögmundsdóttir, Sabine Leskopf, Hjálmar Sveinsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Skúli Helgason, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Björn Gíslason, Örn Þórðarson, Katrín Atladóttir, Marta Guðjónsdóttir, Egill Þór Jónsson og Valgerður Sigurðardóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019; síðari umræða.
Lagt fram að nýju frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 ásamt greinargerð og starfsáætlunum, sbr. 1. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 6. nóvember sl.

Einnig er lagður fram 17. liður fundargerðar borgarráðs frá 29. nóvember sl.; breytingatillögur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna merktar SCPV 1-43. Einnig eru lagðar fram breytingatillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins merktar D1-D11, breytingatillögur borgarfulltrúa Miðflokksins merktar M1-8 og breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins merkt F-1.

- Kl. 19:20 vikur Björn Gíslason af fundi og Jórunn Pála Jónasdóttir tekur sæti.
- Kl. 20:17 vikur Jórunn Pála Jónasdóttir af fundi og Ólafur Kr. Guðmundsson tekur sæti.
- Kl. 21:00 vikur Sanna Magdalena Mörtudóttir af fundi og Daníel Örn Arnarsson tekur sæti.

Er þá gengið til atkvæða um þær breytingatillögur við frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2019 sem fyrir liggja:

SCPV-01, breytingar á fjárheimildum vegna gjaldskrár UTD.

Lagt er til að fjárheimildir upplýsingatæknideildar (UTD) verði hækkaðar um 796.631 þ.kr. vegna endurskoðunar á fyrirkomulagi við gjaldskrár deildarinnar. Breytingin verði fjármögnuð með tilfærslu fjárheimilda af fagsviðum, samtals 616.589 þ.kr. og tilfærslu af kostn.st. 01367, tölvubúnaður, undir sameiginlegum kostnaði 180.042 þ.kr. Fjárheimildir fagsviða breytast með eftirfarandi hætti:

Gjaldskrár UTD			(þ.kr.)
ÍTR	Íþróttá- og tómstundasvið	Frá	-16.537
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Frá	-43.510
RHS	Skrifstofur miðlegrar stjórnsýslu	Frá	-97.836
SFS	Skóla- og frístundasvið	Frá	-325.251
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Frá	-37.488
VEL	Velferðarsvið	Frá	-95.967
ÖNN	Sameiginlegur kostnaður	Frá	-180.042
UTD	Upplýsingatæknideild	Til	796.631
Samtals			0

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-02, breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna verðbóta á samningsbundnar skuldbindingar.

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða verði hækkaðar um 93.564 þ.kr. vegna breytinga á verðlagsforsendum skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. nóvember 2018. Breytingin felur í sér að verðlagsáhrif á samningsbundnar skuldbindingar sem tengjast öðrum rekstrarkostnaði eru áætluð 3,6% í stað 2,9% eins og frumvarpið gerði ráð fyrir, sbr. minnisblað fjármálastjóra dags. 20. nóvember sl. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð. Breytingar á fjárheimildum fagsviða verði eftirfarandi:

Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar		(þ.kr.)
ÍTR	Íþróttá- og tómsundasvið	18.411
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	8.528
RHS	Skrifstofur miðlægrar stjórmsýslu	3.368
SFS	Skóla- og fristundasvið	9.184
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (Aðalsjóður)	12.752
VEL	Velferðarsvið	17.566
USKES	Umhverfis- og skipulagssvið (Eignasjóður)	11.962
SEA	Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar / Eignasjóður	11.022
ÖNN	Sameiginlegur kostnaður	770
Samtals		93.564

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-03, breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna og gatna.

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða í aðalsjóði verði hækkaðar um 328.833 þ.kr. vegna hærri innri leigu fasteigna, áhalda og búnaðar og leigu gatna í samræmi við breyttar verðlagsforsendur skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. nóvember 2018. Jafnframt er lagt til að fjárheimildir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði lækkaðar um 328.833 þ.kr. vegna hækunar á tekjum af innri leigu og leigu gatna. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

Innri leiga fasteigna, gatna, áhalda og tækja			(þ.kr.)
ÍTR	Íþróttá- og tómsundasvið	Til	16.207
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	6.161
RHS	Skrifstofur miðlægrar stjórmsýslu	Til	12.561
SFS	Skóla- og fristundasvið	Til	50.615
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (Aðalsjóður)	Til	3.777
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (leiga gatna)	Til	234.705
VEL	Velferðarsvið	Til	1.128
USKES	Umhverfis- og skipulagssvið (Eignasjóður)	Til	382
ÖNN	Sameiginlegur kostnaður	Til	3.297
SEA	Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar / Eignasjóður	Frá (kredit)	-328.833
Samtals			0

Breytingin hefur sambærileg áhrif til hækunar á milliviðskiptum A-hluta, sbr. tillögu 42 Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-04, breytingar á fjármagnskostnaði A-hluta.

Lagt er til að nettó fjármagnskostnaður A-hluta verði hækkaður um -205.702 þ.kr. í samræmi við breyttar verðlagsforsendur skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 4. nóvember 2018. Breytingin felur í sér að verðlagsáhrif á fjármagnskostnað verða 2,4% í stað 3,9% eins og frumvarpið gerði ráð fyrir, sbr. minnisblað fjármálastjóra dags. 11. nóvember sl. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af handbæru fé. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á aðalsjóð og eignasjóð:

Fjármagnsliðir			(þ.kr.)
AS	Aðalsjóður - hækun fjármagnstekna	Kredit	-272.993
ES	Eignasjóður - hækun fjármagnsgjalda	Debit	478.695
A-hluti	Lækkun á handbæru fé	Samtals	205.702

Breytingin felur jafnframt í sér hækun á liðnum „Verðbætur, afföll og gengismunur“ um 201.205 þ.kr. í sjóðstreymi Aðalsjóðs, A-hluta og samstæðu, þar sem um reiknaðan lið er að ræða.

Sjóðstreymi vegna áfallinna hækkunar á áföllnum verðbótum		(þ.kr.)
Sjóðstreymi	Verðbætur, afföll og gengismunur	201.205

Breytingin hefur sambærileg áhrif á milliviðskipti A-hluta og samstæðu, sbr. tillögu 42. Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-05, breyting vegna gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga.

Lagt er til að áætluð gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar verði lækkuð um -500.000 þ.kr. vegna breytinga á verðlagsforsendum í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. nóvember 2018. Áhrif hærri verðbólgu á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar eru jákvæð vegna þess að mikill hluti eigna lífeyrissjóðsins er verðtryggður. Lækkun útgjalda verði ráðstafað annars vegar á liðinn ófyrirséð og hins vegar á handbært fé:

Breyting lífeyrisskuldbindingar			(þ.kr.)
ÖNN	Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar		-500.000
ÖNN	Ófyrirséð		300.000
A-hluti	Hækun á handbæru fé	Samtals	-200.000

Breytingin felur jafnframt í sér lækkun á liðnum „Framlag til lífeyrisgreiðslna ársins“ um 500.000 þ.kr. í sjóðstreymi aðalsjóðs, A-hluta og samstæðu, þar sem um reiknaðan lið er að ræða.

Sjóðstreymi vegna breytingar lífeyrisskuldbindingar		(þ.kr.)
Sjóðstreymi	Framlag til lífeyrisgreiðslna ársins	500.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-06, breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna persónuverndarmála.

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða verði hækkaðar um 40.500 þ.kr. vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Innleiðing nýrra persónuverndarlaga			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	13.500
VEL	Velferðarsvið	Til	13.500
RHS	Miðlæg stjórnsýsla	Til	13.500
Samtals			40.500

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-07, breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna lengri afgreiðslutíma á Ylströndinni. Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 9.750 þ.kr. vegna lengri opnunartíma á Ylströndinni. Í tillögunni er gert ráð fyrir að bæta inn opnun í hádeginu á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 11:00-14:00 og kvöldopnun á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum frá kl. 17:00- 20:00. Afgreiðslutíminn miðast við 1. janúar til 15. maí og 15. ágúst til 31. desember ár hvert, alls 9 mánuði, en sumaropnun verður með sama hætti og áður. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Opnunartími á Ylströndinni			(þ.kr.)
ÍTR	Íþrótt- og tómstundasvið	Til	9.750
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-9.750
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-08, breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna nýrra gervigrasvalla. Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 10.000 þ.kr. vegna reksturs á nýjum gervigrasvöllum, þ.e. gervigrasvöllum Fylkis og Víkings. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Rekstur gervigrasvalla			(þ.kr.)
ÍTR	Íþrótt- og tómstundasvið	Til	10.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-10.000
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-09, breytingar á fjárheimildum MOF vegna matarhátíðar. Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 3.000 þ.kr. vegna samstarfssamnings um stuðning við Matarhátíð Reykjavíkur til þriggja ára, sbr. samþykkt borgarráðs frá 20. september 2018, mál R18040180. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður með tilfærslu á fjárheimildum af kostn.st. 09510, Ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Matarhátíð			(þ.kr.)
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	3.000
ÖNN	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Frá	-3.000
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-10, breytingar á fjárheimildum MOF vegna bókmenntaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur.

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 1.775 þ.kr. vegna bókmenntaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Bókmenntaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur			(þ.kr.)
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	1.775
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-1.775
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-11, breytingar á fjárheimildum MOF vegna flutnings á stöðugildi til UTD.

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði lækkaðar um -6.461 þ.kr. vegna flutnings á stöðugildi í vefþróun frá menningar- og ferðamálasviði til upplýsingatæknideildar (UTD). UTD hefur þegar verið úthlutað auknum fjárheimildum vegna þessa. Útgjaldalækkun verður færð á liðinn ófyrirséð.

Flutningur á stöðugildi frá MOF til UTD vegna vefþróunar			(þ.kr.)
MOF	Menningar- og ferðamálasvið		-6.461
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	6.461
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-12, breytingar á fjárheimildum MOF vegna sameiginlegs stöðugildis með SFS.

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 1.225 þ.kr. vegna sameiginlegs stöðugildis með skóla- og frístundasviði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður með tilfærslu á fjárheimildum af skóla- og frístundasviði.

Flutningur vegna sameiginlegs stöðugildis MOF og SFS			(þ.kr.)
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	1.225
SFS	Skóla- og frístundasvið	Frá	-1.225
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-13, breytingar á fjárheimildum RHS vegna verkefnisins „Sköpunartorg“.

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) verði hækkaðar um 15.500 þ.kr. vegna verkefnisins „Sköpunartorg“ sem er framsækið lýðræðisverkefni þar sem

tíðraunavæði á vef borgarinnar er nýtt fyrir samráð og fjármögnun ýmissa verkefna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Sköpunartorg			(þ.kr.)
RHS	Miðlæg stjórnsýsla	Til	15.500
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-15.500
Samtals			0

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-14, breytingar á fjárheimildum RHS vegna stöðugildis í lýðræðisverkefni. Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) verði hækkaðar um 4.000 þ.kr. vegna lýðræðisverkefna sem mannréttindaskrifstofu hefur verið falið að vinna að. Skrifstofan hefur fjármagn m.v. 70% stöðugildi til verkefnisins, en stefnt er að því að ráða starfsmann í 100% stöðugildi. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Stöðugildi í lýðræðisverkefni			(þ.kr.)
RHS	Miðlæg stjórnsýsla (mannréttindaskrifstofa)	Til	4.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-4.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-15, breytingar á fjárheimildum RHS vegna forystunáms. Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) verði hækkaðar um 8.974 þ.kr. vegna forystunáms fyrir stjórnendur og sérfræðinga Reykjavíkurborgar. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Forystunám			(þ.kr.)
RHS	Miðlæg stjórnsýsla	Til	8.974
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-8.974

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-16, breytingar á fjárheimildum SFS vegna barnafjölda í grunnskólum. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 28.014 þ.kr. vegna fjölgunar barna í borgarreknum grunnskólum m.v. rammaúthlutun. Fjölgunin er 35 börn og miðast fjárheimildir ársins 2019 eftir leiðréttingu við 14.213 börn að meðaltali eða sami fjöldi vor og haust. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Fjöldi barna í grunnskólum			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (grunnskólahluti)	Til	28.014
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-28.014

Samþykkt.

SCPV-17, breytingar á fjárheimildum SFS vegna barnafjölda í sérskólum. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um -15.000 þ.kr. vegna færri barna í sérskólum (Klettaskóla) en gert hafði verið ráð fyrir í rammaúthlutun. Áætluð

var fjölgun um 8 börn, en fjölgunin er aðeins 5 börn, eða 3 börnum færri m.v. rammaúthlutun. Útgjaldalækkun verði færð á liðinn ófyrirséð.

Fjöldi barna í sérskólum (Klettaskóli)			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (sérskólar grunnskóla)	Til	-15.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	15.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-18, breytingar á fjárheimildum SFS vegna barnafjölda í frístund sérskóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um -9.000 þ.kr. vegna færri barna í sérskólum (Klettaskóla) en gert hafði verið ráð fyrir í rammaúthlutun. Áætluð var fjölgun um 8 börn, en fjölgunin er aðeins 5 börn, eða 3 börnum færri m.v. rammaúthlutun. Útgjaldalækkun verði færð á liðinn ófyrirséð.

Fjöldi barna í frístund sértækri frístund			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (sértæk frístund)	Til	25.514
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-25.514

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-19, breytingar á fjárheimildum SFS vegna barnafjölda í sértæku frístundastarfi. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 25.514 þ.kr. vegna fjölgunar á börnum í sértæku frístundastarfi. Fjölgunin er 7 börn og miðast fjárheimildir ársins 2019 eftir leiðréttingu við 179 börn að meðaltali eða sami fjöldi vor og haust. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Fjöldi barna í frístund sértækri frístund			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (sértæk frístund)	Til	25.514
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-25.514

Samþykkt.

SCPV-20, breytingar á fjárheimildum SFS vegna félagsmiðstöðvar í Dalskóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 11.000 þ.kr. vegna opunar á félagsmiðstöð í Dalskóla í Úlfarsárdal haustið 2019. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Félagsmiðstöð í Dalskóla			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (frístundahluti)	Til	11.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-11.000

Samþykkt.

SCPV-21, breytingar á fjárheimildum SFS vegna hækkunar á framlagi til dagforeldra.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 59.235 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi til dagforeldra, sbr. samþykkt borgarráðs dags. 15. nóvember 2018, mál R18100256. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Framlag til dagforeldra			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (dagforeldrar)	Til	59.235
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-59.235

Samþykkt.

SCPV-22, breytingar á fjárheimildum SFS vegna kennslu í íslensku sem annað mál (íslenska2).

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 25.000 þ.kr. vegna aukinna framlaga til kennslu í íslensku sem annað mál (íslenska2). Vísað er í samþykkt borgarstjórnar, dags. 16. október 2018, um aðgerðir til að bæta námsárangur barna með annað móðurmál en íslensku og brúa það bil sem er á stöðu þeirra borið saman við önnur börn. Tekið verði í notkun viðurkennt matstæki þar sem könnuð er almenn þekking og námsleg staða barna á þeirra eigin móðurmáli. Breytingin taki gildi frá haustinu 2019. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Kennsla í íslensku sem annað mál			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	25.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-25.000

Samþykkt.

SCPV-23, breytingar á fjárheimildum SFS vegna móttöku barna af erlendum uppruna.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 37.268 þ.kr. vegna móttöku barna af erlendum uppruna. Vísað er í samþykkt borgarstjórnar dags. 16. október 2018 um að minnka eða útrýma þeim aðstöðumun sem birtist í námsárangri og þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum og tómstundum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Móttaka barna af erlendum uppruna			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	37.268
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-37.268

Samþykkt.

SCPV-24, breytingar á fjárheimildum SFS vegna sumaropnunar leikskóla.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 27.000 þ.kr. vegna sumaropnunar leikskóla, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 18. september 2018, mál R18090042. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Sumaropnun leikskóla			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (leikskólahluti)	Til	27.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-27.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflökks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-25, breytingar á fjárheimildum SFS vegna samnings við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 28.680 þ.kr. vegna nýs samnings við Myndlistaskólann í Reykjavík, sbr. samþykkt borgarráðs frá 17. maí 2018, mál R17020120. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Samningur við Myndlistaskóla Reykjavíkur			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið (listaskólar)	Til	28.680
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-28.680

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflökks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-26 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna vegna eins námsgjalds þvert á skólastig Lagt er til að frá og með áramótum 2019 greiði barnafjölskyldur einungis námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 110.000 þ.kr. vegna lægri tekna en gert hefur verið ráð fyrir. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Eitt námsgjald þvert á skólastig			(þ.kr.)
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	110.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-110.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-27 Útboð vegna gjaldfrjálsra námsgagna í grunnskólum.

Lagt er til að ráðstafa allt að 45.000 þ.kr. til kaupa á námsgögnum fyrir nemendur í grunnskólum. Farið verði í útboð fyrir alla grunnskóla í Reykjavík og fjárförf metin í kjölfar þess. Fjárheimildum skóla- og frístundasviðs verði breytt í samræmi við niðurstöður útboðsins.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-28 Breytingar á gjaldskrá sorphirðu vegna endurvinnslu og grenndarstöðva (USK). Lagt er til að gjaldskrá sorphirðu vegna endurvinnslu og grenndarstöðva lækki úr kr. 13.730 í 12.840. Einnig er lögð fram til samþykktar endurskoðuð gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Lækkun á gjaldskrá endurvinnslu og grenndarstöðva			(þ.kr.)
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Tekjur	45.520
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Gjöld	-45.520

Samþykkt.

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg er jafnframt samþykkt.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-29 Breytingar á fjárheimildum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna skönnunar séruppdráttu.

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 20.000 þ.kr. vegna skönnunar séruppdráttá hjá byggingarfulltrúa. Útgjaldaauki verði fjármagnaður með hækkingu tekna byggingarfulltrúa.

Skönnun séruppdráttá			(þ.kr.)
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Tekjur	-20.000
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Gjöld	20.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-30 Breytingar á fjárheimildum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna hreinsunar borgarlandsins.

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 15.000 þ.kr. vegna aukinnar sumarhreinsunar á stofn- og tengibrautum, stækkingu á svæði sem fellur undir miðborgarhreinsun og aukahreinsun á tengibrautum vegna svifryksmengunar. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Hreinsun borgarlandsins			(þ.kr.)
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	15.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-15.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-31 Breytingar á fjárheimildum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna Reykjanesfólkvangs.

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 2.000 þ.kr. vegna sammings um Reykjanesfólkvang. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Reykjanesfólkvangs			(þ.kr.)
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	2.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-2.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-32 Breytingar á fjárheimildum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna innleiðingar á snjalltækni í samgöngum.

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 12.000 þ.kr. til ráðningar á verkefnastjóra fyrir innleiðingu á snjalltækni í samgöngum í Reykjavík. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Verkefnastjóri vegna innleiðingar á snjalltækni í samgöngum			(þ.kr.)
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	12.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-12.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-33, breytingar á fjárheimildum velferðarsviðs (VEL) vegna Barnaverndar.

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 60.000 þ.kr. vegna styrkingar á starfsemi Barnaverndar, sbr. samþykkt borgarráðs dags. 15. nóvember 2018, mál R18050109. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð. Greinargerð fylgir tillögunni.

Barnavernd - styrking			(þ.kr.)
VEL	Velferðarsvið	Til	60.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-60.000

Samþykkt.

SCPV-34, breytingar á fjárheimildum velferðarsviðs (VEL) vegna notendastýrðrar persónlegrar aðstoðar (NPA).

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 100.000 þ.kr. vegna fjölgunar á samningum um notendastýrða persónulega aðstoð. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

NPA - Notendastýrð persónuleg aðstoð			(þ.kr.)
VEL	Velferðarsvið	Til	100.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-100.000

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

SCPV-35, breytingar á fjárheimildum velferðarsviðs (VEL) vegna hækkunar á grunnfjárhæð framfærslustyrks.

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 48.665 þ.kr. vegna hækkunar á grunnfjárhæð framfærslustyrks úr 189.875 kr. í 201.268 kr. á mánuði sem er hækkun um 6%. Útgjaldaauki verði fjármagnaður annars vegar af liðnum ófyrirséð og hins vegar með lækkun á handbæru fé, sjá töflu.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar			(þ.kr.)
VEL	Velferðarsvið	Til	48.665
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-45.687
	Handbært fé	Samtals	2.978

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-36, breytingar á fjárheimildum velferðarsviðs (VEL) vegna framlags til Félagsbústaða.

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 160.000 þ.kr. vegna framlags til Félagsbústaða. Fjárheimildin verði nýtt til að greiða Félagsbústöðum mánaðarlega á árinu 2019 sérstaka leigu að fjárhæð 6,7 m.kr. vegna sameiginlegra rýma í þjónustuhúsum aldraðra en leigjendur greiða í raun takmarkaða leigu fyrir annað rými en þeir nýta sjálfir með beinum hætti. Þá er gert ráð fyrir að velferðarsvið greiði jafnháa fjárhæð á mánuði á árinu 2019 til að mæta almennri þörf fyrir leiguverðshækkun hjá Félagsbústöðum. Velferðarsvið útfærir þessa aðgerð í samvinnu við fjármálaskrifstofu og Félagsbústaði. Þetta felur í sér að rekstrarframlög til Félagsbústaða verði að heildarfjárhæð 160 m.kr. á árinu 2019.

Framlag til Félagsbústaða			(þ.kr.)
VEL	Velferðarsvið	Til	160.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-160.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-37, breytingar á fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar verði hækkuð um 1.092.000 þ.kr. og breytingar gerðar á eftirfarandi liðum:

Stofnkostnaður fasteigna:

1. Breytingar vegna verkefna þar sem ónýttar fjárheimildir eru fluttar frá árinu 2018 yfir á árið 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Árbæjarsafn, ný geymslubygging (40 m.kr.), Grófarhús, viðbygging (70 m.kr.), Aðalstræti 10, framkvæmdir og landnámsýning (155 m.kr.), Sundhöllin í Reykjavík (65 m.kr.), Víkingur, gervigrasvöllur (215 m.kr.), gistiskýli, 48 gistiskýli (65 m.kr.), smáhýsi (446 m.kr.), hverfabækistöð Örfirisey (100 m.kr.), Hestháls 14 (88 m.kr.), samtals 1.244 m.kr.

2. Breytingar vegna verkefna þar sem lögð er til hækkun á áætlun 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Íþróttamannvirki ÍR í Mjódd (500 m.kr.), Hestháls 14 (80 m.kr.), samtals 580 m.kr.

3. Breytingar vegna nýrra verkefna 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Grandagarður 1a, breytingar (115 m.kr.), tjaldsvæði Laugardal (20 m.kr.), Seljakot, stækkun lóðar (35 m.kr.), færanlegar stofur, endurbætur og flutningur (50 m.kr.), Borgartún 6, standsetning húsnæðis (70 m.kr.), samtals 290 m.kr.

4. Breytingar vegna verkefna sem lagt er til að falli út af áætlun 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Toppstöðin (-50 m.kr.), Hafnarhús (-835 m.kr.), samtals -885 m.kr. Samtals hækkun stofnkostnaðar fasteigna að fjárhæð 1.229.000 þ.kr. Sjá nánar í sundurliðun í töflu.

Stofnkostnaður fasteigna	(þ.kr.)
<i>Fjárheimildir fluttar frá árinu 2018 yfir á árið 2019</i>	
Árbæjarsafn ný geymslubygging	40.000
Grófarhús viðbygging	70.000
Aðalstræti 10, framkvæmdir og landnámsýning	155.000
Sundhöllin í Reykjavík	65.000
Víkingur gervigrasvöllur	215.000
Gistiskýli 48 gistiskýli	65.000
Smáhýsi	446.000
Hverfabækistöð Örfirisey	100.000
Hestháls 14	88.000
Samtals	1.244.000
<i>Hækkun á fjárheimildum árið 2019</i>	
Íþróttamannvirki ÍR í Mjódd	500.000
Hestháls 14	80.000
Samtals	580.000
<i>Ný verkefni á áætlun 2019</i>	
Grandagarður 1a - breytingar á húsnæði	115.000
Tjaldsvæði Laugardal	20.000
Seljakot stækkun lóðar	35.000
Færanlegar stofur, endurbætur og flutningur	50.000
Borgartún 6, standsetning húsnæðis	70.000
Samtals	290.000
<i>Verkefni sem falli út af áætlun 2019</i>	
Toppstöðin	-50.000
Hafnarhús	-835.000
Samtals	-885.000
Samtals	1.229.000

Stofnkostnaður gatna:

1. Breytingar vegna verkefna þar sem ónýttar fjárheimildir eru fluttar frá árinu 2018 yfir á árið 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Almannadalur Fjárborg (30 m.kr.),

Esjumelar, 2. áfangi (65 m.kr.), Kirkjusandur (75 m.kr.), Þingholt, torgin þrjú (45 m.kr.), samtals 215 m.kr.

2. Breytingar vegna verkefna þar sem lögð er til hækkun á áætlun 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Hlíðarendi (200 m.kr.), Gufunes (150 m.kr.), strætóskýli, endurnýjun (30 m.kr.), samtals 380 m.kr.

3. Breytingar vegna nýrra verkefna 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Austurbakki bryggjugata (150 m.kr.), steinbryggja (60 m.kr.), Síðumúli, opið svæði (45 m.kr.), samtals 255 m.kr.

4. Breytingar vegna verkefna sem lagt er til að falli út eða lækki á áætlun 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Úlfarsárdalur (-50 m.kr.), Reynisvatnsás, háspennulína í jörð (-150 m.kr.), Laugavegur, endurbætur (Hlemmur-Katrínartún) (-200 m.kr.), Bríetartún (-150 m.kr.), Hofsvallagata (-100 m.kr.), Heiðmerkurvegur (-150 m.kr.), Frakkastígur (-100 m.kr.), Hlemmur, torg (-50 m.kr.), almenningsalerni (-183 m.kr.), samtals -1.133 m.kr. Samtals lækkun stofnkostnaðar gatna og umhverfisframkvæmda að fjárhæð -283.000 þ.kr. Sjá nánar í sundurliðun í töflu.

Stofnkostnaður gatna	(þ.kr.)
<i>Fjárheimildir fluttar frá árinu 2018 yfir á árið 2019</i>	
Almannadalur Fjörborg	30.000
Esjumelar 2. áfangi	65.000
Kirkjusandur	75.000
Þingholt torgin þrjú	45.000
Samtals	215.000
<i>Hækkun á fjárheimildum árið 2019</i>	
Hlíðarendi	200.000
Gufunes	150.000
Strætóskýli endurnýjun	30.000
Samtals	380.000
<i>Ný verkefni á áætlun 2019</i>	
Austurbakki bryggjugata	150.000
Steinbryggja	60.000
Síðumúli opið svæði	45.000
Samtals	255.000
<i>Verkefni sem falli út af áætlun 2019</i>	
Úlfarsárdalur	-50.000
Reynisvatnsás - háspennulína í jörð	-150.000
Laugavegur endurbætur (Hlemmur-Katrínartún)	-200.000
Bríetartún	-150.000
Hofsvallagata	-100.000
Heiðmerkurvegur	-150.000
Frakkastígur	-100.000
Hlemmur torg	-50.000
Almenningsalerni	-183.000
Samtals	-1.133.000
Samtals	-283.000

Áhöld, tæki og hugbúnaður:

Breytingar vegna nýrra verkefna 2019. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Rafvæðing ferla (80 m.kr.), tölvubúnaður í grunnskólum (66 m.kr.), samtals 146 m.kr. Samtals hækkun stofnkostnaðar áhalda, tækja og hugbúnaðar að fjárhæð 146.000 þ.kr. Sjá nánar í sundurliðun í töflu.

Áhöld, tæki og hugbúnaður	(þ.kr.)
<i>Ný verkefni á áætlun 2019</i>	
Rafvæðing ferla	80.000
Tölvubúnaður í grunnskólum	66.000
Samtals	146.000

Lagt er til að útgjaldaauki vegna hækkunar á fjárfestingaáætlun, samtals 1.092.000 þ.kr. verði fjármagnaður af handbæru fé.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-38, tillaga um hlutfjár- og stofnframlög til Félagsbústaða.

Lagt er til að framlengt verði til loka árs 2019 þeirri ráðstöfun sem borgarráð samþykkti 20. september sl. fyrir árið 2018 um að auka getu Félagsbústaða til að kaupa fleiri félagslegar íbúðir. Í samþykktinni felst eftirfarandi: Í fyrsta lagi til að borgarsjóður veiti sérstök hlutfjárframlög til uppbyggingar félagslegra leiguíbúða sem nemi 4% af stofnverði þeirra, sem komi til viðbótar 12% stofnframlagi borgarsjóðs. Í öðru lagi að við þær aðstæður að Íbúðalánasjóður samþykki umsókn um stofnframlög en lækki reiknað stofnverð ef íbúð fer yfir stærðarmörk þá komi til sérstakt hlutfjárframlag allt að 4% af stofnverði á móti skertu stofnframlagi ríkisins. Í ofangreindum tilvikum geti sérstaka hlutfjárframlagið náð allt að 8%. Gert er ráð fyrir að stofnframlög í sjóðstreymi aðalsjóðs rúmi ofangreinda tillögu.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-39, breytingar á fjárhagsáætlun Félagsbústaða.

Lagt er til að fjárhagsáætlun Félagsbústaða verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu í samræmi við samþykta áætlun stjórnar félagsins dags. 21. nóvember 2018:

Milliviðskipti rekstrar A-hluti		(þ.kr.)
ES	Tekjur Eignasjóðs (hækkun) vegna innri leigu	-328.833
AS/ES	Gjöld Aðalsjóðs og Eignasjóðs (hækkun) vegna innri leigu	328.833
AS	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnstekna)	-228.270
ES	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnsgjalda)	228.270

Milliviðskipti rekstrar Samstæðu		(þ.kr.)
AS	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnstekna)	-66.844
B-hluti	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnsgjalda)	66.844

Milliviðskipti sjóðstreymi Samstæðu		(þ.kr.)
AS	Stofnframlög (lækkun milliviðskipta)	-300.000
B-hluti	Stofnframlög (lækkun milliviðskipta)	300.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-40, breytingar á fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt er til að fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu vegna breytinga á verðlags- og gengisforsendum fjárhagsáætlunar:

Orkuveita Reykjavíkur		(þ.kr.)
Rekstrartekjur	hækkun (lækkun)	500.872
Rekstrargjöld	hækkun (lækkun)	100.668
Fjármagnsgjöld	(hækkun) lækkun	-1.330.146
Tekju og eignaskattur	hækkun (lækkun)	366.177
Rekstramiðurstaða	hækkun (lækkun)	-725.526
Handbært fé frá rekstri	hækkun (lækkun)	510.064
Fjárfestingahreyfingar	(hækkun) lækkun	-27.762
Fjármögnunarahreyfingar	hækkun (lækkun)	-981.830
Breytinga á handbæru fé innan ársins	hækkun (lækkun)	-499.529
Handbært fé í árslok	hækkun (lækkun)	-773.560
Staða handbærs fjár í árslok eftir breytingu		11.690.844

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-41, fjármögnun viðbótarútgjalda.

Lagt er til að ofangreindar breytingatillögur verði fjármagnaðar með eftirfarandi hætti: af liðnum ófyrirséð, kostn.stað 09205 (ÖNN) 600.000 þ.kr., og með lækkun á handbæru fé 1.399.475 þ.kr.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-42, breytingar á milliviðskiptum A-hluta og samstæðu.

Lagt er til að milliviðskiptum samstæðu A-hluta verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflum:

Milliviðskipti rekstrar A-hluti		(þ.kr.)
ES	Tekjur Eignasjóðs (hækkun) vegna innri leigu	-328.833
AS/ES	Gjöld Aðalsjóðs og Eignasjóðs (hækkun) vegna innri leigu	328.833
AS	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnstekna)	-228.270
ES	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnsgjalda)	228.270

Milliviðskipti rekstrar Samstæðu		(þ.kr.)
AS	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnstekna)	-66.844
B-hluti	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnsgjalda)	66.844

Milliviðskipti sjóðstreymi Samstæðu		(þ.kr.)
AS	Stofnframlög (lækkun milliviðskipta)	-300.000
B-hluti	Stofnframlög (lækkun milliviðskipta)	300.000

Breytingin skýrist af afleiddum áhrifum af breyttum verðlagsforsendum og breyttri fjárhagsáætlun Félagsbústaða.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-43, framkvæmd.

Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að útfæra ofangreindar breytingar á kostnaðarstaði í A-hluta eftir því sem við á í samráði við hlutaðeigandi svið.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun við allar breytingartillögur Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna merktar SCPV 1-43:

Það er jákvætt að sjá breytingartillögur sem leggja fjármagn í mikilvæga málaflökka, líkt og aukið fjármagn til Félagsbústaða og aukið fjármagn til barnafjölskyldna sem eiga börn á grunnskólastigi. Sósíalístaflokkurinn myndi þó vilja sjá auknar fjárveitingar til grunnskóla til þess að hann verði gjaldfrjál. Einnig er jákvætt að sjá aukið fjármagn til frístundastarfs en sósíalistar myndu vilja sjá meira fjármagn lagt í það svo það yrði börnum og fjölskyldum þeirra með öllu gjaldfrjálst. Virkilega ánægjulegt að sjá að meira fjármagn verði veitt í að styðja við börn með erlendan bakgrunn. Það er jákvætt að sjá fjármagn vegna NPA en sósíalistar telja mikilvægt að allt sé gert til að kvóti sé ekki settur á þjónustuna. Þá er gott að fjárhagsaðstoð til framfærslu hækki en það er mat sósíalista að hann eigi að hækka upp í upphæð lágmarkslauna. Það er álit sósíalístaflokksins að öll grunnþjónusta borgarinnar eigi að vera gjaldfrjál og að mikilvægt sé að sækja aukið fé til fyrirtækja og fjármagnseigenda til þess að greiða þetta allt.

D-1, tillaga um að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld.

Lagt er til að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld. Sala á nettengingum er hvorki hluti af grunnrekstri Reykjavíkurborgar né hefðbundnum grunnrekstri Orkuveitunnar. Söluandvirðið verði nýtt til að lækka skuldir og fjármagnskostnað í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-2, tillaga um að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði ráðstafað til útsvarslækkana.

Lagt er til að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði að fullu ráðstafað til útsvarslækkana í Reykjavík. Útgjaldauki verði fjármagnaður með aðhaldi í innkaupum, útboðum og hagræðingu í miðlægrri stjórnsýslu.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-3, tillaga um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%.

Borgarstjórn samþykkir að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% þegar á árinu 2019. Minnkun á hagnaði borgarinnar af fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði við þessa breytingu er 430 milljónir 2019, 478 milljónir 2020 og 309 milljónir 2021. Minnkun á hagnaði verði mætt með forgangsröðun á verkefnum.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-4, tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega.

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2019 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur: I. 100% lækkun: Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.540.000 kr.

II. 80% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.000 til 5.600.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.540.000 til 7.700.000 kr.

III. 50% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.600.000 til 6.200.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.700.000 til 8.640.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill gera allt til að finna leiðir til að gera eldri borgurum og öryrkjum sem búa við knappan fjárhag léttara að lifa. Tillögu um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds eldri borgara og öryrkja er því sjálfsagt að styðja. En það er annað sem Flokkur fólksins vill benda á í þessu sambandi sem mikilvægt er að laga og það er að taka úr reglum um afslætti af fasteignagjöldum ákvæðið að viðkomandi þurfi að eiga rétt á vaxtabótum samkvæmt B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt til að eiga rétt á afslátt á fasteignagjöldum. A það skal bent að enda þótt eldri borgarar séu e.t.v. sá hópur sem skuldar minnst þá þýðir það ekki að þeir hafi nægt fé milli handanna. Þvert á móti hafa fjölmargir eldri borgarar og öryrkjar lítið milli handanna og geta þar af leiðandi ekki leyft sér mikið. Að öðru leyti styður Flokkur fólksins almennt séð ekki tillögur er lúta að minnkun borgarsjóðs enda margar tillögur Flokks fólksins kostnaðarsamar. Borgarfulltrúi leggur áherslu á að farið verði í kröftugan sparnað og hagræðingu á öllum þeim sviðum sem mun ekki leiða til beinnar skerðingar á þjónustu við fólk.

D-5, tillaga um að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verði lögð niður.

Lagt er til að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar verði lögð niður. Nauðsynleg verkefni skrifstofunnar verði færð undir framkvæmdir og viðhald á umhverfis- og skipulagssviði. Verkefnum sem almennt eru ekki á forræði sveitarfélaga verði komið í hendur einkaaðila. Lagt er til að fjárheimildir til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði að fullu færðar til umhverfis- og skipulagssviðs, þó verði fjárheimildir lækkaðar sem nemur 100.000.000 kr. vegna stjórnkerfisbreytinga. Breytingin muni á næstu árum leiða af sér enn frekari hagræðingu með fækkun verkefna og aðhaldi í framkvæmdum. Lækkun útgjalda sem nemur 100.000.000 kr. verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-6, tillaga um úthlutun lóða fyrir fjölbreyttar húsagerðir.

Borgarstjórn samþykkir að úthluta fleiri lóðum undir fjölbreyttar húsagerðir í borgarlandinu og styrkja með því tekjuáætlun til 5 ára. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) og fjármálaskrifstofu er falið að reikna út væntan tekjuauka og mögulega aukningu. Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-7, tillaga um jöfn framlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla, óháð rekstrarformi.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 107.664.861 kr. svo unnt verði að veita jöfn rekstrarframlög úr borgarsjóði með hverju barni sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar leikskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni inn í leikskóla, óháð rekstrarformi viðkomandi skóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks harma afgreiðslu meirihlutans á breytingatillögu okkar um jöfn fjárframlög með börnum í leik- og grunnskólum borgarinnar, óháð rekstrarformi. Nú liggur ljóst fyrir að meirihlutinn hyggist ekki styðja betur við fjölbreytt rekstrarform í skólakerfinu í fjárhagsáætlun fyrir 2019. Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni – enda framlögin réttur barnanna og fjármagnið ætti réttilega að fylgja þeim inn í skólakerfið. Með jöfnum opinberum framlögum kæmst sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar hjá innheimtu skólagjalda eða álags á gjaldskrár. Þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem býðst í borginni. Efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við skólaval. Sjálfstæðir leik- og grunnskólar eru almennt litrík viðbót við skólaflórana. Þeir hafa gjarnan kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsæknar skólastefnur. Þeir veita foreldrum fleiri valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna. Við þurfum aukið valfrelsi foreldra og tryggari starfsgrundvöll fyrir einkarekna leik- og grunnskóla – því fjölbreytni, framþróun og jöfn tækifæri eru öllum til heilla.

D-8, tillaga um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla, óháð rekstrarformi.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 289.001.000 kr. svo unnt verði að veita jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með hverjum nemanda sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar grunnskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi viðkomandi grunnskóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Tillögunni er vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks harma afgreiðslu meirihlutans á breytingatillögu okkar um jöfn fjárframlög með börnum í leik- og grunnskólum borgarinnar, óháð rekstrarformi. Nú liggur ljóst fyrir að meirihlutinn hyggist ekki styðja betur við fjölbreytt rekstrarform í skólakerfinu í fjárhagsáætlun fyrir 2019. Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni – enda framlögin réttur barnanna og fjármagnið ætti réttilega að fylgja þeim inn í skólakerfið. Með jöfnum opinberum framlögum kæmst sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar hjá innheimtu skólagjalda eða álags á gjaldskrár. Þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem býðst í borginni. Efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við skólaval. Sjálfstæðir leik- og grunnskólar eru almennt litrík viðbót við skólaflórana. Þeir hafa gjarnan kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsæknar skólastefnur. Þeir veita foreldrum fleiri valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna. Við þurfum aukið valfrelsi foreldra og tryggari starfsgrundvöll fyrir einkarekna leik- og grunnskóla – því fjölbreytni, framþróun og jöfn tækifæri eru öllum til heilla.

D-9, tillaga um aukin framlög til tónlistarskóla á viðkvæmum svæðum.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 100.000.000 kr. svo unnt verði að styðja við tónlistarskóla á viðkvæmum svæðum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður með hagræðingu á brúttókostnaði við miðlæga stjórnsýslu sem væri innan við 2%.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins. Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-10, tillaga um að mannréttindaskrifstofa verði sameinuð velferðarsviði.

Borgarstjórn samþykkir að mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur verði sameinuð velferðarsviði og verkefni hennar flutt þangað. Þá er jafnframt lagt til að mannréttinda- og lýðræðisráð og velferðarráð verði einnig sameinað í eitt ráð: velferðar- og mannréttindaráð. Tillagan felur í sér hagræðingu og aukna skilvirkni í stjórnkerfinu. Auk þess felur tillagan í sér valdeflingu í verki og að styrkja og efla málaflökkinn enn frekar.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-11, tillaga um að auka tíðni þrifa á stofnbraumum.

Borgarstjórn samþykkir að auka tíðni þrifa á stofngötum úr tveimur skiptum í 4 í þeim tilgangi að draga úr svifryki. Þannig verði stofnbrautir þrifaðar jafnoft og Vegagerðin þrifað þjóðvegi innan borgarinnar. Kostnaður vegna þessa er áætlaður um 26 milljónir króna. Til að mæta þessum aukna kostnaði er lagt til að hagrætt verði um 3% á skrifstofu borgarstjóra.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

M-1, tillaga um skilgreiningu á lögbundnu hlutverki Reykjavíkur.

Farið verði tafarlaust í að skilgreina lögbundið hlutverk Reykjavíkur og fjármagni forgangsraðað í lögbundna- og grunnþjónustu. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

M-2, tillaga um niðurskurð í stjórnsýslu borgarinnar.

Farið verði tafarlaust í kerfisbundinn niðurskurð á skrifstofu borgarstjóra og í annarri stjórnsýslu borgarinnar. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

M-3, tillaga um ráðningarstopp.

Tekið verði tafarlaust upp ráðningarstopp í stjórnsýslu Reykjavíkur en lögbundinni þjónustu og grunnstöðum verði hlíf. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

M-4, tillaga vegna utanferða.

Dregið verði úr utanferðum kjörinna fulltrúa og embættismanna borgarinnar og skilagrein gerð fyrir hvers vegna ferð var farin. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

M-5, tillaga um innkaup.

Farið verði í bestun í öllum innkaupum borgarinnar og að a.m.k. 10% hagræðingu verði náð. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

M-6, tillaga um vinnuhóp.

Stofnaður verður vinnuhópur allra flokka í borgarstjórn sem hefur það hlutverk að fara í saumana á áætlanagerð borgarinnar í verkum sem hafa farið fram úr áætlunum og geri tillögur um nýtt verklag. Þessi aðgerð nái fram að ganga fyrir 1. septemberember 2019.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

M-7, tillaga um úttekt.

Fenginn verði óháður/utanaðkomandi aðili til að gera úttekt á starfsemi æðstu stjórnar Reykjavíkur.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

M-8, tillaga um frístundakort.

Upphæð frístundakorts verði hækkuð úr 50.000 krónum í 100.000 krónur frá og með 1. septemberember 2019.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Sósíalístaflokkurinn leggur áherslu á að frístundir barna ættu að vera gjaldfrjálstar með öllu.

F-1, lækkun gjaldskrár skólamáltíða.

Flokkur fólksins leggur til að gjaldskrá vegna skólamáltíða í grunnskólum verði lækkuð um þriðjung (33%) og að tekjulækkun sviðsins, sem talin er nema 361 m.kr. árið 2019, verði mætt með auknum fjárheimildum sem komi af kostnaðarliðnum 09205 – ófyrirséð. Gjaldskráin verður 9.796 kr. á mánuði frá 1. janúar 2019 m.v. samþykkt borgarstjórnar við

fyrri umræðu. Tillagan, verði hún samþykkt, felur í sér að gjaldskrá máltíða í grunnskólum yrði 6.563 kr.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokki fólksins þykir leitt að tillagan um að lækka gjald skólamáltíða um þriðjung hafi verið felld. Lagt var til að tekjulækkun sviðsins kr. 361 m.kr. á ári sem þessi þriðjungs lækkun myndi framkalla yrði mætt með auknum fjárheimildum sem komi af kostnaðarliðnum ófyrirséð 09205. Ef fjárhagsáætlun meirihlutans er skoðuð má sjá að þar er eitt og annað lagt til sem taka á af þessum lið en að lækka gjald skólamáltíða var ekki talið nægjanlega mikilvægt. Hefði þessi tillaga náð fram að ganga hefði það komið sér afskaplega vel fyrir fjölskyldur sem hafa lítið milli handanna. Foreldrar og við öll hefðum getað, ef tillagan hefði náð fram að ganga, andað rólega, fullviss um það að ekkert barn væri svangt í skólanum. Hér hefði getað verið um fyrsta áfangann að ræða í átt að fríum skólamat. Við vitum öll að efnalitlar fjölskyldur og fátækar fjölskyldur hafa þurft að neita sér um þessa þjónustu. Það hlýtur að sviða að horfa upp á það. Hér er um að ræða mikið jafnréttismál og í samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að öll börn sitji við sama borð og hafi í þessu tilfelli tök á því fá heita og næringarríka máltíð.

Þá er gengið til atkvæða um frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 með áorðnum breytingum.

Atkvæðagreiðsluskrá
(mynd)

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 með áorðnum breytingum er samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti borgarstjórnar leggur nú fram sína fyrstu fjárhagsáætlun á þessu kjörtímabili. Framlög til velferðarmála og skólamála halda áfram að aukast á sama tíma og mikil uppbygging innviða á sér stað. Grænar fjárfestingar eru áberandi en milli umræðna komu inn fjölmörg spennandi verkefni. Sumaropnanir leikskóla, gjaldfrjáls námsgögn, aukin framlög til lýðræðismála, fjölgun NPA samninga, lengdur opnunartími ylstrandar og áhersla á snjalltækni í samgöngum bætast við milli umræðna. Framlög verða aukin vegna móttöku barna af erlendum uppruna og íslenskukennslu og að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig ásamt því að auka hreinsun borgarlandsins til að minnka svifryk og gera borgina snyrtilegri. Í fimm ára áætlun eru framlög til borgarlínu tryggð upp á 5 milljarða, framlög til skólamála upp á annað eins til þess að geta brúað bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þá er gert ráð fyrir lækkun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði frá árinu 2021 úr 1,65 í 1,60. Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði voru lækkuð á þessu ári auk sérafslátta fyrir eldri borgara og öryrkja. Þrátt fyrir mörg og stór verkefni Reykjavíkurborgar gerir fjárhagsáætlun 2019 engu að síður ráð fyrir

góðum afgangi af rekstrinum og að niðurstaðan verði jákvæð um 3,6 milljarða króna.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessi áætlun gerir ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar samstæðu Reykjavíkurborgar muni hækka verulega ef tekið er mið af áætlun sem gerð var fyrir ári síðan en þær munu aukast um 40 milljarða króna. Hér er um gríðarlegar fjárhæðir að ræða sem sýnir að nýjum meirihluta hefur mistekist að efna kosningaloforð sín um lækkun skulda í góðæri. Þá vekur athygli að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir 16 milljarða lakari rekstrarniðurstöðu en gert var ráð fyrir á síðasta ári. Jafnframt verða viðbótarvaxtagjöld skv. fimm ára áætlun 8 milljörðum hærrí en áður var ráðgert. Þetta þýðir að vaxtakostnaður hækkar frá síðustu áætlun um heila 2 milljarða á ári. Fyrir þá upphæð væri hægt að byggja meira en 11 sex deilda leikskóla í hæsta gæðaflokki; gæðaflokki A sem myndu rúma um 1.400 börn. Þá væri hægt, fyrir þennan mismun, að létta skattbyrðina á borgarbúa um 60 þúsund krónur á hvert heimili í borginni árlega. Enn fremur er áhyggjuefni að útsvar verður áfram í hámarki og fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði hækka um rúm 16% í krónum talið en seinni hluti spátímabilsins er mjög háður hagsveiflunni sem nú hægist verulega á. Ekki er nein hagræðing á rekstrarkostnaði, þvert á móti hækkun umfram verðlag. Ekki er tekið á strúktúrvandanum í góðæri. Þetta þýðir að það verður mun erfiðara að mæta áföllum. Rekstarafangur upp á 3,6 milljarða er ekki nægur til að standa undir fjárfestingum og því ósjálfbær miðað við þau kostnaðarsömu verkefni sem blasa við á árinu 2019.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflökks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að líta til heildarsamhengisins við vinnslu á útteilingu fjármagns til ólíkra málaflökka borgarinnar. Fjárhagsáætlunargerð byggir að stórum hluta á rammaúthlutun, þar sem ætlast er til þess að allir útgjaldaliðir rúmist innan ákveðins ramma. Sósíalistar líta svo á að ekki sé hægt að skammta fjármagni á ólíka liði án þess að ræða hvar fjárframlög fyrirtækja og hinna ríkustu séu. Sósíalistar telja mikilvægt að Reykjavíkurborg leiti til hinna sveitarfélaganna með það að markmiði að mynda samstöðu um að koma aðstöðugjaldi aftur á fyrirtæki og koma útsvari á fjármagnstekjur. Slíkt er mikilvægt til að styrkja borgarsjóð svo hægt sé að vinna að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem eru á ábyrgð borgarinnar en ýmislegt hefur setið á hakanum síðustu ár. Til að tryggja að aðstöðugjaldið næði helst til stærstu fyrirtækjanna, mætti t.d. skoða að velta fyrirtækja undir ákveðinni upphæð væri undanþegin aðstöðugjaldi. Þó að borgarstjórn geti ekki lagt á skatta án laga frá Alþingi, þá er mikilvægt að vinna að endurreisn skattkerfisins, þar sem fyrirtæki og hinir ríku greiða eðlilegan hlut í sameiginlegan sjóð okkar. Mikilvægt er að breyta kerfinu sem fjárhagsáætlun byggir á, í stað þess að vinna innan um takmarkaðan ramma þar sem það vantar fjárframlag fyrirtækja og hinna auðugustu.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari fjárhagsáætlun er ekki tekið nægjanlega tillit til barna, eldri borgara og öryrkja. Það tekur á að svo margir, sem raun ber vitni, eiga um sárt að binda í svo ríki borg sem Reykjavík er. Fólkið er almennt séð ekki sett nægjanleg í forgang í þessari fjárhagsáætlun. Flokkur fólksins vill að útteiling fjármagns verði sanngjarnari og að fólkið sjálft verði sett efst á blað. Ýmislegt hefur verið reynt til að vekja athygli meirihlutans á stöðu þeirra verst settu. Hér má nefna tillögur um að lækka gjöld skólamáltíða, gjaldfrjálsa frístund fyrir börn fátækra foreldra og að þau börn verði heldur ekki krafín um aukagjöld í félagsmiðstöðvum. Finna þarf fé í þessi

verkefni. Flokkur fólksins gerir sér grein fyrir að innstreymi í borgarsjóð má ekki minnka en margt er hægt að gera til að auka sparnað og hagræðingu. Sem dæmi má sameina þjónustumiðstöðvar og fleiri verkefni/deildir sem létta myndi á yfirbyggingu. Stjórnsýslan er bákn sem vel mætti byrja að draga saman, sér í lagi þann hluta sem ekki snýr beint að þjónustu við fólkið. Hvað börn varðar þá þrá þau öll það eitt að eiga öruggt húsaskjól og fá tækifæri til að vera í sama grunnskólanum alla grunnskólagöngu sína þar sem þau fá námsefni sem uppfyllir persónulegan metnað þeirra og þar sem þau eru meðal vina og jafningja.

2. Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2019-2023; síðari umræða.
Lagt fram að nýju frumvarp að fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2019-2023, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 6. nóvember. Einnig eru lagðar fram tillögur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna að breytingum á frumvarpi að 5 ára áætlun Reykjavíkurborgar 2019-2023, sbr. 17. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. nóvember sl.

SCPV-01, breytingar á fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði (C-flokkur).

Borgarstjórn samþykkir að stefna að lækkun fasteignaskatta skv. C-flokki á árinu 2021 þannig að álagið lækki úr 25% í 23,5% á árinu 2022 í 21,3% sem þýðir að skatthlutfallið verður 1,63% árið 2021 og 1,60% árið 2022.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Lækkun fasteignaskatta	(þ.kr.)	2020	2021	2022	2023
Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði		0	-206.000	-552.000	-592.000

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflakks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2019 hækkar fasteignamat atvinnuhúsnæðis um heil 15% í Reykjavík um næstu mánaðarmót. Þetta leiðir að óbreyttu til hundraða milljóna króna í aukna skattheimtu á atvinnulífið í borginni. Fasteignagjöld eru óheppileg skattheimta á fyrirtæki þar sem þau leggjast á, óháð afkomu og skuldsetningu. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin, nú þegar hægir á vexti í hagkerfinu. Þessar hækkunir leggjast ofan á hærri kostnað og skerða samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í borginni. Af 10 stærstu fyrirtækjum landsins hafa eingöngu 4 höfuðstöðvar í Reykjavík. Það ætti að vera kappsmál fyrir Reykjavíkurborg að skapa hér góð skilyrði til reksturs fyrirtækja í stað þess að horfa aðgerðarlaus á stórauðnar álögur með því að ákvarða fasteignaskattprósenta í algeru hámarki fyrir árið 2019.

SCPV-02, breytingar á fjárhagsáætlun Félagsbústaða.

Lagt er til að fjárhagsáætlun Félagsbústaða verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu töflu í samræmi við samþykktu áætlun stjórnar félagsins dags. 21. nóvember 2018:

Félagsbústaðir	(þ.kr.)	2020	2021	2022	2023
Rekstrartekjur	hækkun (lækkun)	97.252	101.112	122.292	194.212
Rekstrargjöld	hækkun (lækkun)	-178.029	-180.986	-185.333	-149.006
Fjármagnsgjöld	(hækkun) lækkun	-211.115	35.091	76.993	30.732
Matsbreyting fjárfestingaeigna	hækkun (lækkun)	-54.598	-39.578	-66.692	-46.304
Rekstramiðurstaða	hækkun (lækkun)	9.568	277.611	317.926	327.646
Handbært fé frá rekstri	hækkun (lækkun)	64.266	316.989	384.218	374.050
Fjárfestingahreyfingar	(hækkun) lækkun	-803.215	1.315.082	-1.084.836	-765.153
Fjármögnunarahreyfingar	hækkun (lækkun)	764.400	-1.621.700	721.400	391.300
Breytinga á handbæru fé innan ársins	hækkun (lækkun)	25.451	10.371	20.782	197
Handbært fé í árslok	hækkun (lækkun)	-247.021	-236.650	-215.868	-215.671
Staða handbærs fjár í árslok eftir breytingu		78.151	88.622	109.804	110.101

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2019-2023 samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti borgarstjórnar leggur nú fram sína fyrstu fjárhagsáætlun á þessu kjörtímabili. Framlög til velferðarmála og skólamála halda áfram að aukast á sama tíma og mikil uppbygging innviða á sér stað. Grænar fjárfestingar eru áberandi en milli umræðna komu inn fjölmörg spennandi verkefni. Sumaropnanir leikskóla, gjaldfrjáls námsgögn, aukin framlög til lýðræðismála, fjölgun NPA samninga, lengdur opnunartími ylstrandar og áhersla á snjalltækni í samgöngum bætast við milli umræðna. Framlög verða aukin vegna móttöku barna af erlendum uppruna og íslenskukennslu og að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig ásamt því að auka hreinsun borgarlandsins til að minnka svifryk og gera borgina snyrtilegri. Í fimm ára áætlun eru framlög til borgarlínu tryggð upp á 5 milljarða, framlög til skólamála upp á annað eins til þess að geta brúað bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þá er gert ráð fyrir lækkun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði frá árinu 2021 úr 1,65 í 1,60. Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði voru lækkuð á þessu ári auk sérafslátta fyrir eldri borgara og öryrkja. Þrátt fyrir mörg og stór verkefni Reykjavíkurborgar gerir fjárhagsáætlun 2019 engu að síður ráð fyrir góðum afgangi af rekstrinum og að niðurstaðan verði jákvæð um 3,6 milljarða króna.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að líta til heildarsamhengisins við vinnslu á útdeilingu fjármagns til ólíkra málaflokka borgarinnar. Fjárhagsáætlunargerð byggir að stórum hluta á rammaúthlutun, þar sem ætlast er til þess að allir útgjaldaliðir rúmist innan ákveðins ramma. Sósíalistar líta svo á að ekki sé hægt að skammta fjármagni á ólíka liði án þess að ræða hvar fjárframlög fyrirtækja og hinna ríkustu séu. Sósíalistar telja mikilvægt að Reykjavíkurborg leiti til hinna sveitarfélaganna með það að markmiði að mynda samstöðu um að koma aðstöðugjaldi aftur á fyrirtæki og koma útsvari á fjármagnstekjur. Slíkt er mikilvægt til að styrkja borgarsjóð svo hægt sé að vinna að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem eru á ábyrgð borgarinnar en ýmislegt hefur

setið á hakanum síðustu ár. Til að tryggja að aðstöðugjaldið næði helst til stærstu fyrirtækjanna, mætti t.d. skoða að velta fyrirtækja undir ákveðinni upphæð væri undanþegin aðstöðugjaldi. Þó að borgarstjórn geti ekki lagt á skatta án laga frá Alþingi, þá er mikilvægt að vinna að endurreisn skattkerfisins, þar sem fyrirtæki og hinir ríku greiða eðlilegan hlut í sameiginlegan sjóð okkar. Mikilvægt er að breyta kerfinu sem fjárhagsáætlun byggir á, í stað þess að vinna innan um takmarkaðan ramma þar sem það vantar fjárframlag fyrirtækja og hinna auðugustu.

3. Lagðar fram fundargerðir borgarráðs frá 22. og 29. nóvember. Úr fundargerðinni frá 29. nóvember eru eftirfarandi liðir lagðir fram:

- 9. liður; tillaga að viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 samþykktur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- 15. liður; tillaga að gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samþykktur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- 18. liður; samkomulag við Brú lífeyrissjóð samþykktur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 22. nóvember:

Alliance húsið nýtur verndar vegna aldurs, samt sem áður leyfði borgarminjavörður að gluggar, hurðir og flekar yrðu endurgerðir og að notkun á 1. hæð hússins yrði breytt. Leitað var til Argos arkitekta ehf. eftir hönnun og ráðgjöf og verkfræðistofunnar Eflu um verkfræðihönnun og aðra ráðgjöf við endurbygginguna. Kostnaður við þessa vinnu voru 16,5 milljónir eða rúm 15% af heildarverkinu. Þetta eru óskiljanlegar upphæðir í ljósi þess að verið er að gera húsið upp en ekki er um nýbyggingu að ræða. Í fjölmiðlum hafa birst upplýsingar um leigusamninga sem borgin gerði á afar hagstæðum kjörum og er það fordæmt. Einnig gefur Reykjavíkurborg það í skyn að mikill tekjuauki hafi orðið eftir að borgin keypti húsið og gerði við það. Það er beinlínis rangt því tekjuaukinn er kominn til vegna breytinga á skipulagi á þessu svæði og tekjuaukinn því tilkominn vegna sölu á byggingarrétti á reitnum. Það er lágmarkskrafa að borgarfulltrúar séu upplýstir um öll mál og að ekki sé verið að beita blekkingum þegar eftir upplýsingum er leitað.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. nóvember:

Samkomulag var um að Faxaflóahafnir myndu greiða 25 milljónir vegna framkvæmda við landfyllingu og grjótvörn undir vitann en annar kostnaður yrði greiddur af Reykjavíkurborg. Samkvæmt svari Faxaflóahafna er kostnaður á þeirra vegum 15,6 milljónir og hlutur verkfræði- og arkitektavinnu (skipulagsdrættir og frumhönnun undir vitann) 5,4 milljónir. Í svari skrifstofu framkvæmda og viðhalds kemur fram að borgarráði hafi verið kynnt að hlutur borgarinnar yrði 75 milljónir eins og kemur fram á vef Reykjavíkur:

<https://reykjavik.is/frettir/nyrinnsiglingarviti-vid-saebraut>. Nú er því haldið fram að um mistök hafi verið að ræða og að áætlað hafi verið að verkið kostaði 100 milljónir. Nú er gefið út að heildarkostnaður borgarinnar verði 150 milljónir og sé hækkunin

vegna aukins umfangs við landfyllingu og grjótnir sem er hlutur Faxaflóahafna. Svo virðist sem verið sé að greiða tvisvar fyrir sömu verkin. Samkvæmt yfirliti frá fjármálaskrifstofu borgarinnar, sem er ófullnægjandi, kemur fram að rúmar 26 milljónir hafi verið greiddar til arkitekta- og verkfræðistofa. Þegar borgarfulltrúar sinna eftirlitsskyldu sinni er lágmark að þeim séu veittar réttar og fullnægjandi upplýsingar. Áætlað er að verkið fari í 175 milljónir með framlagi Faxaflóahafna sem er ótrúleg framúrkeyrsla eins og í öðrum verkefnum sem borgin hefur staðið fyrir undanfarin ár.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vísa til bókana sinna undir 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 22. nóvember og 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. nóvember.

4. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 30. nóvember, mannréttinda- og lýðræðisráðs frá 22. nóvember, skipulags- og samgönguráðs frá 21. og 28. nóvember, skóla- og frístundaráðs frá 27. nóvember og velferðarráðs frá 21. nóvember.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 11. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 21. nóvember:

Borgarfulltrúi Miðflokksins lýsir undrun sinni á veitingu leyfis til leitar og rannsóknar á mól og sandi á hafsbotni í Kollafjarðar og Faxaflóa þrátt fyrir varnarorð fjölmargra fagaðila. Þó svæðið liggja að mestu leyti utan netalaga og sé ekki á forræði borgarinnar þá er um afar takmarkaða auðlind að ræða á mjög viðkvæmu svæði. Það er með ólíkindum að einn aðili hafi aðgang að þeim auðlindum sem eru á þessu svæði og ekki hefur komið fram hvort greitt sé fyrir afnot að þeim. Það hefur verið í umræðunni að friða með öllu Faxaflóann og þar með talið Kollafjörð og Hvalfjörð fyrir öllu áreiti á lífríkið þ.m.t. að banna ætti hvalveiðar á svæðinu. Tekið er undir þær hugmyndir og því telja fulltrúar Miðflokksins að vinnsla á mól og sandi af þessu svæði sé algjör tímaskekkja í aukinni þekkingu og vitundarvakningu á umhverfis- og auðlindamálum.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 7. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 21. nóvember:

Aðilar frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum komu og fóru yfir vatnabúskap Vatnsmýrarinnar. Af kynningunni að dæma virðast óafturkræfar byggingaframkvæmdir á svæðinu hafa mikil áhrif á vatnabúskap Vatnsmýrarinnar. Meðan önnur sveitarfélög undirbúa aðgerðir við að moka ofan í skurði á mýrarsvæðum þá moka Reykjavíkurborg upp Vatnsmýrina með ómældum áhrifum á losun gróðurhúsalofttegunda.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 28. nóvember:

Ljóst er samkvæmt framlögðum gögnum að tilraunaverkefni um að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna með samningi sem undarritaður var 2010 af SSH við ríkið hefur algjörlega misheppnast. Hlutdeild almenningssamgangna við upphaf samnings 2010 var 4% og er nú árið 2018 enn 4%. Það er því ljóst að hér var um afar slæman samning að ræða fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins enda fjölmörgum nauðsynlegum endurbótum vegakerfis höfuðborgarsvæðisins frestað. Sem dæmi má

nefna mislæg gatnamót Bústaðarvegjar/Reykjanesbrautar, Sundagöng og fjölda mislægra gatnamóta á Miklubraut. Afleiðingin er ljós, flæðivandi umferðar hefur aukist gríðarlega á tímabilinu. Miðflokkurinn leggur því til að téðum samning verði rift með samkomulagi við ríkið, enda mjög skýrt að verkefnið hefur algjörlega misheppnast og ekki verður lengur beðið með nauðsynlegar úrbætur sem frestað hefur verið vegna hans.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vísa til bókana sinna undir 7. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 21. nóvember og 6. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 28. nóvember.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. nóvember:

Á velferðarráðsfundi var sviðsstjóra falið að fara með málið um innheimtu gistináttgjalds hjá öðrum sveitarfélögum í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar í formlegt samráðsferli innan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar vilja sósíalistar leggja áherslu á að það sé tryggt að ekkert í því ferli leiði til þess að ef hin sveitarfélögin skyldu einhverra hluta vegna ekki greiða á tilteknum tímapunkti, að það myndi ekki leiða til þess að einstaklingar frá öðrum sveitarfélögum gætu mætt lokuðum dyrum hjá neyðarskýlum eða þeim vísað út.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vísa til bókana sinna undir 4. lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. nóvember.

Fundi slitið kl. 22:37

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Vigdís Hauksdóttir

Alexandra Briem